

Nd.

347. Nefndarálit

[20. mál]

um frv. til laga um loftferðir.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið ýtarlega á mörgum fundum. Enn fremur hefur hún leitað um það álit margra aðila, svo sem íslensku flugfélaganna, flugmálastjórnarinnar, Félags íslenskra atvinnuflugmanna og póst- og símamálastjórnarinnar. Hafa nefndinni horizt ýtarlegar og rökstuddar álitserðir frá þessum aðilum, ásamt allmörgum tillögum til breytinga á einstökum atriðum frumvarpsins.

Nefndin er sammála um, að þetta frumvarp um loftferðir marki merkilegt framfaraspor í íslenskri löggjöf um loftferðir og flugmál. Er það einnig skoðun flestra þeirra aðila, sem um þessi mál fjalla og nefndin hefur haft samráð við um afgreiðslu málsins. Engu að síður hefur nefndin orðið sammála um að flytja allmargar breytingartilögur við frumvarpið. Er þar m. a. komið til móts við ýmsar ábendingar frá þeim aðilum, sem loftferðamálin varða mest.

Til nokkurra atriða, sem fullkomið samkomulag ríkir ekki um, hefur nefndin ekki tekið endalega afstöðu, en mun gera það milli 2. og 3. umræðu.

Nefndin leggur einróma til, að frv. verði samþykkt með þeim breytingum, sem hún leggur til að gerðar verði á því samkvæmt breytingartillögunum, er hún flytur á þskj. 349.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að flytja breytingartillögur við frv. eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Alþingi, 4. marz 1964.

Sigurður Bjarnason,
form., frsm.

Benedikt Gröndal,
fundaskr.

Sigurvin Einarsson.

Björn Pálsson.

Jónas Pétursson.